

en með því að búa til kollhúfu, urrandi og glepsandi til ykkar. Og stúlkur ættu að kunna að gegna æði-mikið betur en hundar.“

Samskonar ræða og þessi á eins vel við drengi vitanlega. Eða finst ykkur það ekki, stúlkur mínar!

HVERNIG HUNDUR HEFNDI SÍN.

Ungur maður í bæ einum við Mósel-ána*) ætlaði sér fyrir fáum árum síðan að drekkja stórum loðhundi, sem hann átti. Hann tímdi ekki að borga skatt af honum. Hann bindur Stein um hálsinn á hundinum, fer með hann í bát, og rær út á miðja ána. Þá fleygir hann hundinum útþyrðis. Hundurinn sekkur undir eins. En snærið, sem steinninn var bundinn með, slitnar, svo hundurinn kemur upp aftur eftir litla stund. Syndir hann nú af öllum mætti á eftir bátnum, til þess að komast til hús-bóna síns. En í hvert skifti, sem hundurinn nálgast bátnum, rekur hann í hann árina og hrindir honum burt. Þessu fer nú fram nokkra hríð, þangað til ungi maðurinn verður reiður, þrifur báðum höndum um aðra árina og ætlar sér að rota hundinn með henni; en um leið og hann reiðir til höggs, missir hann jafnvægið, dettur útþyrðis og fer á kaf. Vesalings-hundurinn bregður óðar við og dýfir sér á eftir honum, nær í hann og kemst með mestu herkjum með hann til lands. — Þannig bjargaði hann bæði lífi herra síns og sínu eigin. Því eftir þetta taldi ungi maðurinn ekki eftir sér að borga skattinn.

Börn! Kærleikurinn getur það, sem kærleiksleysinu finst ekki vera unt að gera. Kærleiksleysinu finst ekki vera unt að borga neina skatta, ef komist verður hjá því. Kærleikurinn bæði vill sjá veg, enda sér hann líka vegi, til þess að borga alla sína skatta.

Unga manninum fór ekki að þykja verulega vænt um hundinn sinn fyrr en hann fann til þess, hvað hundurinn hafði lagt í sölurnar fyrir hann. Eins fer okkur mönnunum aldrei að þykja vænt um guð fyrr en við finnum til þess, hvað hann lagði í sölurnar til þess að frelsa okkur. Við þurfum að finna til þess; þá fer okkur að þykja vænt um hann og þá viljum við

*) Þverá mikil á Þýzkalandi, sem rennur út í fljótið Rín.